

Feður og fórnarlömb – birtist í Mbl. 13. ágúst 1997 á vegum „Ábyrgra feðra.“

Jafnréttisumræðan síðustu áratugi hefur stuðlað að fjölda rannsókna á því, hvað kynin hafa sameiginlega til brunns að bera og hvað þrýði þau, hvort um sig. Þekking hefur aukist gríðarlega og varpað nýju ljósi á gömul hugarfóstur og goðsagnir. Ein af eftirlætisgoðsögnum ákveðinna kvenfrelsunarhópa, er sú, að mæðrum almennt sé fremur en feðrum gefið að annast börn. Öfgafyllstu kvenfrelsarar aðhyllast jafnvel líffræðirómantík, sem á stundum hlýtur býsna skondna útfærslu. Því er það, að rökræður á grundvelli þekkingar og málefna verða nánast sem ókleifur hamar.

Sorglegt dæmi um þetta er lestur greinar Kristínar Halldórsdóttur í Morgunblaðinu 27. júní s.l. En Kristín er einn ákafasti talsmaður Kvennalistans. Í grein sinni fjargviðrast Kristín gríðarlega í tilefni danskrar rannsóknar um uppeldishæfni mæðra og feðra 3 til 5 ára barna. Niðurstöður, sem sýna hina rannsökuðu feður í jákvæðu ljósi, er Kristínu lítt að skapi. Henni virðist ögrað og skapraunað. Aðferð rannsóknarinnar finnur Kristín flest til foráttu. Gagnrýni hennar er þó óljós. Helst má skilja, að hún telji hina rannsökuðu feður gefa ranga mynd af feðrum. Því er þá til að svara, að höfundur ætlaði sér einfaldlega ekki þá dul að rannsaka feður yfirleitt. En hins vegar ætlaði hann að bregða vísindalegri birtu á einstæða foreldra. Rík ástæða er til að ætla, að hann hafi haft árangur sem erfiði. Og sérstaklega, hvað feður snertir.

Úrtak feðra er geysistört eða um fjórðungur þýðisins (þ.e.a.s. þess hóps, er rannsaka skal). Í úrtakinu er góð blanda feðra, sem tilneyddir eru til að sinna börnum sínum einir sökum vanhæfni móður eða andláts hennar, þeirra, er semja um bólstað barnsins við mæðurnar og svo þeirra, er barist hafa fyrir forsjánni. Almennt er ekki greinanlegur munur hinna þriggja tegunda feðra. Þannig standa þeir feður sig, sem fengið hafa forsjá barna sinna óforvarandis, alls ekki síður í stykkinu, en feður, sem barist hafa fyrir forsjánni. Greinanlegur munur finnst heldur ekki á umgengnisfeðrum annars vegar og forsjárfeðrum hins vegar. Stundum er því gert skóna, að langskólamenntaðir feður kynnu að hafa betri burði til að sinna börnum sínum, en aðrir feður. Í umræddri rannsókn er því ekki til að dreifa. Því er það, að rannsóknin veitir mikilvæga þekkingu og gilda um einstæða feður og mæður raunar einnig. Drepið skal á nokkur atriði.

Feður eru engu síður í stakk búnir en mæðurnar til að sinna þörfum barna sinna í hvívetna, þótt ung séu. Flest koma þau í umsjón feðra sinna kornung. Þrátt fyrir að feður vinni almennt meira, þjást þeir síður af streitu. En streita stuðlar eins og kunnugt er, að vansæld barna. Þannig búa einstæðir feður börnum sínum þroskavænlegra heimili að þessu leyti. Þá er til þess að líta, að feður eru einnig andlega heilsuhraustari en mæðurnar. Þetta á f raun og sann við um karlmenn almennt, eftir því, sem best verður séð.

Stöðugleiki virðist betri á heimili feðranna. Þeir eru seinni til að útvega sér nýjan lífsförunaut. Auk þess eru tengsl barnanna, er hjá föður sínum búa, við umgengnisforeldrið og fjölskyldu þess, til muna betri, en þeirra barna, sem búið er heimili hjá mæðrum sínum. Feður sýna síður tilhneigingu til að beita barnið ofbeldi, en mæður í sömu stöðu. Það eru þó í sjálfu sér ekki spánnýjar fréttir.

Hartnær þriggja áratuga gamlar rannsóknir sýna greinilega ofbeldistilburði mæðra í uppeldi. Erfitt er að bera saman rannsóknir í þessu efni, en þó sýnist ástæða til að ætla, að mæður séu góðu heilli heldur að stilla gamminn. Í danskri rannsókn á sjö tugum mæðra í lok sjöunda áratugarins kom í ljós, að u.þ.b. 85 af hundraði mæðra beittu börn sín líkamlegu ofbeldi. Nú er

boðskapurinn ekki sá, að einstæðar mæður séu vont fólk upp til hópa. Ástæðnanna er trúlega miklu frekar að leita í vondum aðstæðum en innræti.

Heldur fleiri mæður en feður eru atvinnulausar, enda þótt almenn menntun mæðranna sé betri en feðranna. Feður virðast í meira mæli hafa sóst eftir verkmenntun, sem er eftirsóttari á vinnumarkaði. Þrátt fyrir, að svona kunni að vera um hnútana búið um megingskýringar á ofbeldistilhneigingum mæðra, ber þó heldur ekki að loka augunum fyrir því, að mæður sýna ákveðið kaldlyndi, þegar taka á ákvörðun um forsjá eða dvalarstað.

Þannig telur skýrsluhöfundur, að þá staðreynd, að feður gangi miklu síður eftir meðlagi en mæður, megi að einhverju leyti skýra á grundvelli samkomulags í þessum anda: Þú skalt fá barnið gegn því, að ég greiði ekki meðlag. Sé litið til annarra rannsókna og reynslu feðra á Íslandi og í útlöndinu, kynnu slíkar skýringar svo sannarlega að hafa við þung rök að styðjast. Því ofbeldi og ófyrirleitni mæðra í forsjárdeilum, þar sem þær beita óspart fyrir sig börnum sínum til að kúga feður þeirra, er þekkt og margrannsakað fyrirbæri. Sömuleiðis benda rannsóknir ítrekað og ákveðið til, að í flestum tilvikum, þar sem slitnar samband umgengnisföður og barns, er skýringanna fyrst og fremst að leita í andófi móður.

Kristín gerir að umtalsefni, að einstæðir feður fái hlýlegra viðmót í samfélaginu en einstæðar mæður. Vissulega sýnir rannsóknin fram á það. Greinarhöfundur telur, að þetta skýrist af minni væntingum til einstæðra feðra en mæðra. Á grundvelli rannsóknarinnar er þó nærtækara að álykta, að feður uppskeri hlýrra viðmót einfaldlega vegna þess, að þeir standi sig betur. Að síðustu skal Kristínu þakkað að afhjúpa með svo eftirminnilegum hætti hina réttu kvenréttarásýnd sína og skoðanasýstranna.

Lestur greinar hennar styrkir enn frekar þá grunsemd, að í raun réttari hafi kvenfrelsunarsinnar af hennar sauðahúsi (og Kvennalistinn) aldrei ætlað að beita sér fyrir leiðréttingu þess misréttis gegn körlum, sem er ofurréttur mæðra (nú afnuminn í lögum) til bara sinna. En það er von Ábyrgra feðra, að Kristín endurstilli jafnréttisáttavitann og sláið í för til eiginlegs jafnréttis beggja kynja, einnig í barnauppeldi og forsjármálum. Það er einnig von Ábyrgra feðra, að embættismenn (dómarar meðtaldir), sálfræðingar, félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar og lækningar, opni hug sinn og sinni starfi sínu á þessu sviði í auknum mæli á grundvelli fræðilegrar þekkingar. Þannig skyldu hafrarnir greindir frá sauðunum.

Fyrir hönd Ábyrgra feðra: Gunnlaugur Jón Ólafsson, Ottó Sverrisson, Ólafur Ingi Ólafsson, Unnsteinn Hjörleifsson.